

Fundargerð

Miðvikudaginn 6. maí 2020 kl. 9:00 kom reikningsskila- og upplýsinganefnd (RogU) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Fundinn sátu, Sigrún Guðmundsdóttir, Ágúst Kristinsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Gísli Hlíðberg Guðmundsson og starfsmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis Eiríkur Benónýsson sem ritar fundargerð. Guðjón Guðmundsson boðaði forföll.

Fundargögn sem lögð eru fyrir fund eru vistuð rafrænt í skjalakerfi SRN.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 4. mars 2020 samþykkt.

2. Skil á ársreikningi 2020

Með bréfi nefndarinnar dags. 26. mars 2020 til ráðherra, með vísan í lög nr. 18/2020 um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (neyðarástand í sveitarfélagi), lagði reikningsskila- og upplýsinganefnd til að ráðherra nýtti heimild sína og framlengdi tímafresti í sveitarstjórnarlögum 138/2011 um meðferð og skil ársreiknings á árinu 2020. Tillaga nefndarinnar var sett fram til að koma til móts við sveitarfélög vegna hugsanlegra tafa á vinnu sem COVID-19 væri valdur að. Umræður um áhrif þessa og almennt um reikningsskil sveitarfélaga með tilliti til COVID-19.

Vegna umræðu um lið 3, lýstu Sigrún Guðmundsdóttir og Gísli Hlíðberg Guðmundsson sig vanhæf til þátttöku og véku af fundi kl. 9:35

3. Reikningsskil Félagsbústaða hf. – Bréf Vigdísar Hauksdóttur

Þann 1. apríl 2020 barst bréf frá Vigdísí Hauksdóttur þar sem óskað er eftir álit reikningsskila- og upplýsinganefndar á bókhaldi og reikningsskilum Reykjavíkurborgar vegna Félagsbústaða hf. Umræður um skipan nefndarinnar og efnistöð. Samþykkt að kalla inn tvo varamenn, Jóhannes Á. Jóhannesson og Jónu Árnýju Þórðardóttur. Jafnframt samþykkt að ÁK myndi leiða vinnu vegna málsins og koma með fyrstu hugmyndir að efnistöðum. EB falið að kalla inn varamenn. Stefnt að því að boða fund vegna þessa máls í næstu viku.

Fundi lauk kl. 10:10